



#### Styrkþegar úr Menningarnæturpotti Landsbankans

**Umsækjandi:** Ása Valgerður Eiríksdóttir

**Verkefni:** Opinn garður!

**Upphæð:** 150.000 kr.

**Lýsing verkefnis:**

*Halda á tónleika í garði umsækjanda við Bergstaðastræti í fjórða sinn í röð á Menningarnótt. Goðsagnakennda 80'ball-hljómsveitin Tíbrá hefur séð um spilamennskuna með hjálp gestasöngvara. Lóla Flórens hefur mætt og séð um veitingar. Þetta hefur verið afskaplega vel heppnað og garðurinn fyllist af fólki.*

**Umsækjandi:** Bartónar, Karlakór Kaffibarsins

**Verkefni:** Gakktu á hljóðið

**Upphæð:** 150.000 kr.

**Lýsing verkefnis:**

*Tónleikar með Bartónum, karlakór Kaffibarsins, í „hörpunni þeirra“ bílastæðahúsinu við Bergstaðastræti.*

**Umsækjandi:** Brekvirki ehf

**Verkefni:** Bernsku Brek í borginni

**Upphæð:** 150.000 kr.

**Lýsing verkefnis:**

*Þjóðlagaskotnir barna- og fjölskyldutónleikar fyrir hressa og skapandi krakka á öllum aldri. Hljómsveitin Brek býður upp á nærandi og metnaðarfulla tónlistarupplifun fyrir börn og fjölskyldur þeirra þar sem saman renna minningabrot, frásagnir, hljóðmyndir og dásamleg tónlist í framúrskarandi flutningi.*

**Umsækjandi:** Korsiletturnar

**Verkefni:** Útitónleikar með Korsilettunum

**Upphæð:** 100.000 kr.

**Lýsing verkefnis:**

*Korsiletturnar flytja skemmtilega tónlist fyrir gesti og gangandi með sköndnum tilvísunum í tíðarandann. Hljómsveitin sérhæfir sig í swing og djasstónlist frá 3. til 6. áratug síðustu aldar.*

**Umsækjandi:** Lúðrasveitin Svanur

**Verkefni:** Lúðrasveitabardaginn mikli

**Upphæð:** 150.000 kr.

**Lýsing verkefnis:**

*Á hverju ári fer fram Lúðrasveitabardaginn mikli. Þar mætast hinar þrjár rótgrónu lúðrasveitir Reykjavíkur - Lúðrasveitin Svanur, Lúðrasveit verkalyðsins og Lúðrasveit Reykjavíkur - og etja kappi í tónlist. Öfugt við hefðbundna kappleiki er spilling og mútur til dómnefndar uppi á borðum og mikið húllumhæ í kringum það. Sveitirnar spila og koma fram með margvísleg atriði - dans og söng í bland við hefðbundinn dólghátt lúðrasveita.*

**Umsækjandi: Elías Geir Óskarsson**

**Heiti verkefnis: Húrra Nína!**

**Upphæð 200.000 kr.**

**Lýsing verkefnis:**

*Húrra Nína! er hátíð undir berum himni sem fagnar fremstu og efnilegustu poppurum og raftónlistarfólki Íslands um þessar mundir. Um er að ræða tónleika, plötusnúða og allsherjar stuð er Alaska1867, Amor Vincit Omnia, CYBER, digital island og Inspector Spacetime stíga á stokk og sameina heila senu í einni sveiflu.*

*Við Hverfisgötu 18 er lítið port sem hýst hefur aragrúa af eftirminnilegum tónleikum og viðburðum. Portið hefur fest sig í sessi sem ákveðinn fasti þegar kemur að viðburðarhaldi á menningardögum borgarinnar.*

**Umsækjandi: R6013**

**Verkefni: götuhátíð**

**Upphæð: 200.000 kr.**

**Lýsing verkefnis:**

*Tónleikarýmið R6013 færir sig úr kjallaranum út á götu eins og hefur myndast hefð fyrir undanfarin ár og býður upp á fjölbreytta jaðartónlist og dýraafurðalausán mat milli 13 og 21.*

**Umsækjandi: Skúrinn Klúbbhús**

**Verkefni: Komið út úr skúrnum!**

**Upphæð: 150.000 kr.**

**Lýsing verkefnis:**

*Bílskúrshljómsveitir lýðveldisins hafa komið út úr skúrnum á Menningarnótt síðan 2015. Síungar og sígildar hljómsveitir, sem leika bæði frumsamið og ábreiður, njóta þess að spila fyrir gesti Menningarnæturs. Að jafnaði koma um 10 hljómsveitir fram, um 50 tónlistarmenn. Viðburðurinn fer fram í lðnó.*

**Umsækjandi: Dans Afríka Iceland**

**Verkefni: Dans Afríka Iceland Menningarmót**

**Upphæð: 150.000 kr.**

**Lýsing verkefnis:**

*Dans Afríka Iceland býr til menningarmót víðsvegar um miðborgina á Menningarnótt þar sem trommarar og dansarar verða með 20 mínútna pop up sýningu á þremur mismunandi stöðum. Orkumiklir trommarar og dansarar skapa einstaka ósvikna afríska stemmningu og fá öll með í dillandi dans.*

**Umsækjandi: Magnea Steiney Þórðardóttir / Magadans á Íslandi**

**Verkefni: Magadans**

**Upphæð: 100.000 kr**

**Lýsing verkefnis:**

*Endurkoma hjá Magadans á Íslandi!*

*Hópur kvenna hefur dansað magadans í áratugi og kemur nú saman á Menningarnótt og sýnir magadans eins og hann gerist bestur. Mjúkar mjaðmir, glitrandi búningar og breið bros en atriðið er létt og skemmtilegt og hentar öllum aldurshópum.*

**Umsækjandi: Kramhúsið**

**Verkefni: Kramhús karnival**

**Upphæð: 300.000 kr**

**Lýsing verkefnis:**

*Um er að ræða danskarnival á horni Bergstaðastrætis og Skólavörðustígs. Úti á götu verða dansatriði og danskennsla í sonnum miðborgaranda. Við miðum að því að sinna breiðum hópi fólks, yngra og eldra fólk ásamt fjölskyldufólki sem getur notið þess að horfa á fjölbreytta og skemmtilega dansa ásamt þeim dansþyrstu sem vilja vera með að hrista sig á dansgólfinu. Karnivalið endar svo á einstakri DJ dansveislu Kramhússins.*

**Umsækjandi: Atli Freyr Hjaltason f.h. Danslaga Jónasar**

**Verkefni: Íslenskir og norskir þjóðdansar**

**Upphæð: 125.000 kr.**

**Lýsing verkefnis:**

*Listamenn frá Íslandi og Noregi munu flytja danstónlist frá áðurnefndum löndum og dansa klædd þjóðbúningum. Viðburðurinn er hluti verkefnisins Danslög Jónasar sem snýr að útgáfu nótnahandrits frá 19. öld*

*sem inniheldur danstónlist er leikin var í Reykjavík um 1864.*

*Gestum og gangandi gefst hér einstakt tækifæri að kynnast íslenskri, norskri og samnorðrænni þjóðdansmenningu kynnta af stórskotaliði þjóðlistafólks.*

**Umsækjandi:** Herma

**Verkefni:** Herma & Friends

**Uppæð:** 150.000

**Lýsing verkefnis:**

*Samsýning sem haldin verður á Menningarnótt í gamla Hverfisgallerý á Hverfisgötu 4. Þar mun fjölbreytt listafólk sýna verk sín og gestum gefst tækifæri til að skoða rýmið, kynnast verkunum og njóta menningar og létttra veitinga. Um er að ræða verk eftir 10 myndlistamenn og 5 hönnuði. Markmið okkar er að skapa vettvang fyrir unga og óháða listamenn til að sýna verk sín við faglegar aðstæður.*

**Umsækjandi:** Improv Ísland

**Verkefni:** Spunamaráðun Improv Ísland

**Upphæð:** 250.000 kr.

**Lýsing verkefnis:**

*Improv Ísland hyggst halda árlegt Spunamaráðun á Menningarnótt 2025 í tilefni 10 ára afmælis hópsins. Viðburðurinn fer fram í Kassanum í Þjóðleikhúsinu og býður gestum upp á glænýja sýningu á hálf tíma fresti frá kl. 15:00 til 22:30. Yfir 40 spunaleikarar og grínistar taka þátt.*

**Umsækjandi:** Textíl Barinn ehf

**Verkefni:** Lifandi listsköpun í Hljómskálagarðinum

**Upphæð:** 100.000 kr

**Lýsing verkefnis:**

*Textíl Barinn og Flóð & fjara vilja bjóða gestum Menningarnætur að taka þátt í að skapa listaverk þar sem notast verður við aðferðir veflistar og macramé hnýtinga. Þannig skapast falleg samverustund með óvæntri samsetningu fólks á öllum aldri. Þarna getur fólk fengið útrás fyrir sköpun, tekið þátt í samveru og útiveru.*

**Umsækjandi:** hafnar.haus

**Verkefni:** Arts, crafts and fun in Hafnarhúsið

**Upphæð:** 200.000 kr.

**Lýsing verkefnis:**

*Listasafn Reykjavíkur býður hafnar.haus að skipuleggja heilan dag af viðburðum fyrir fólk á öllum aldri í portinu í Listasafninu, Hafnarhúsi á Menningarnótt. Viðburðirnir samanstanda af vinnustofum, lifandi tónlist, kvikmyndasýningum og myndlistarsýningum.*

**Umsækjandi:** Átak, félag fólks með þroskahömlun

**Verkefni:** Ljóðaupplestur Átaks og Lestrarklefans

**Upphæð:** 200.000 kr.

**Lýsing verkefnis:**

*Átak, félag fólks með þroskahömlun, stendur fyrir Ljóðaupplestri á Menningarnótt 2025 í samstarfi við bókmenntavefinn Lestrarklefan. Upplesturinn markar uppskeru Ljóðasmiðju Átaks og Lestrarklefans sem haldin verður í ágúst. Þar fá þátttakendur tækifæri til að tjá sig og spegla eigið líf í gegnum ljóðlistina.*

**Umsækjandi:** Kraftlyftingadeild Ármanns

**Verkefni:** Menningarbikarinn í bekkpressu

**Upphæð:** 200.000 kr.

**Lýsing verkefnis:**

*Menningarbikarinn í bekkpressu er árlegur viðburður sem nú fer fram í annað skipti á Menningarnótt í miðborg Reykjavíkur. Í fyrra kepptu hátt í 50 manns á Menningarbikarnum og um 30 manns í almenningshluta keppninnar og er markmiðið að enn fleiri taka þátt í ár. Mótið er það fyrsta í sögu Kraftlyftingasambands Íslands sem fer að öllu leiti fram undir berum himni.*

**Umsækjandi: PilkingtonProps**

**Verkefni: Brúðu skemmtanir í Miðborginni**

**Upphæð: 200.000 kr.**

**Lýsing verkefnis:**

*PilkingtonProps bíður uppá brúðu viðveru og skemmtun fyrir gesti miðborgarinnar á Menningarnótt. Nýlega voru frumsýndir glæsilegir nýir karakterar og munu þeir birtast á Menningarnótt auk þess sem sæskrímslin og góðir félagar mæta út á götur miðborgarinnar yfir daginn.*

**Umsækjandi: Hið íslenska töframannagildi**

**Verkefni: Töfrabrögð í nálægð**

**Upphæð: 100.000 kr.**

**Lýsing verkefnis:**

*Töframenn í Hinu íslenska töframannagildi verða í Hannesarholti á Menningarnótt, taka á móti fólki á öllum aldri og hreinlega töfra viðstadda upp úr skónum. Þetta verða töfrabrögð í nálægð (e. close-up magic) þar sem töfrarnir gerast beint fyrir framan nefið á gestum og stundum jafnvel í höndunum á þeim sjálfum.*

**Umsækjandi: Sigfinnur Böðvarsson fyrir hönd Brettafélags Reykjavíkur**

**Verkefni: Skrans**

**Upphæð: 200.000 kr.**

**Lýsing verkefnis:**

*Skrans er hjólabretta viðburður (keppni) sem haldinn var í fyrsta skipti á menningarnótt 2024, og léku hjólabretta iðkendur á öllu aldri listir sýnar. Viðburðurinn í fyrra blés verulega í senuna hér á landi og verður því keppnin í ár en stærri, planið er að endur smíða parta úr þekktum stöðum í borginni sem hafa verið nýttir til hjólabretta iðkunnar, með þeim tilgangi að gefa gangandi vegfarendum sýn inn í hjólabretta heiminn.*

**Umsækjandi: Rósa Stemmning**

**Verkefni: Garður skýjaskúlptúra**

**Upphæð: 250.000 kr.**

**Lýsing verkefnis:**

*Skýjagarðurinn er skemmtilegur listviðburður fyrir almenning sem breytir hluta af graslendi Klambratúns, við hliðina á listasafninu, í pop-up sýningarrými. Hér leysast mörkin milli listamanns og áhorfenda upp í hátíð af sköpun, sjálfsprettileika, eðlishvata og hverfular fegurðar augnabliksins. Í hjarta verkefnisins eru tæki sem framleiða mjúka, skýjakennða partý-froðu. Gestir á öllum aldri eru hvattir til að taka þátt í að eiga við efnið - leika sér, móta, höggva og stafla froðunni í ævintýrleg form eða nota eigin líkama til að verða sjálf að hreyfanlegum skúlptúr.*

**Umsækjandi: Sophia Schneider**

**Verkefni: Endurnýjun Reykjavík / Rewear Reykjavík**

**Upphæð: 125.000 kr**

**Lýsing verkefnis:**

*Endurnýjun Reykjavík er skemmtilegur pop-up viðburður þar sem notuð föt fá nýtt líf! Komdu og skoðaðu vandað úrval af notuðum fatnaði á góðu verði – fyrir öll kyn og stærðir. Viðburðurinn stuðlar að sjálfbærni, stílhreinum valkostum og samfélagslegri tengingu. Létt stemning, speglar, tónlist og góð orka á menningarnótt.*

**Umsækjandi: Mette Kousholt**

**Verkefni: Skæri, blað, steinn!**

**Upphæð: 100.000 kr.**

**Lýsing verkefnis:**

*Vertu með í Reykjavíkurmót tileinkuð einfaldasta – og klókasta – leik heims til að taka ákvarðanir. Skæri, blað, steinn er meira en bara leikur. Saga þess nær aftur til forn-Kína og Japans. Með tímanum hefur leikurinn þróast, ferðast um heiminn, orðið að ýmsum afbrigðum og ratað inn í dægurmenningu víða um heim. Hvort sem þú ert samkeppnismaður, listfenginn tapari eða bara hér fyrir heiðurinn – stíggðu fram og taktu þátt í endanlegu einvígi. Hér skiptir máli tímasetning, innsæi og snör viðbrögð. Sigurvegarinn hlýtur hinn eftirsóttu Skæri, blað, steinn bikar– og eilífan montheiður. Steinn. Blað. Skæri. Skjóttu!*

